FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2501 **2026/EES/55/19**

frá 11. desember 2025

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 að því er varðar notkun á tilteknum vörum og efnum við lífræna framleiðslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]), einkum 9. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 7. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 hafa aðildarríki lagt fram málsskjöl um tiltekin efni til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að fá leyfi fyrir efnunum og bæta þeim við V. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 ([2]). Þessi málsskjöl voru yfirfarin af sérfræðingahópi um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu (EGTOP) og framkvæmdastjórninni.

2) Á grundvelli tilmæla frá sérfræðingahópnum um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu varðandi matvæli ([3]) ætti að leyfa prótín úr ertum og kartöflum til notkunar sem hjálparefni við vinnslu til fellingar á aldinsafa, ávaxtavínum og miði.

3) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu hefur einnig hafið mat á efnum til hreinsunar og sótthreinsunar sem leyfa skal við lífræna framleiðslu skv. 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1165. Þó þarf lengri tíma fyrir matið en gert var ráð fyrir þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 var samþykkt. Vegna þess tíma sem sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu þarf til að ljúka við mat sitt og sem framkvæmdastjórnin þarf til að samþykkja skrárnar yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar með tilliti til matsins ætti VII. viðauki við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 ([4]) að gilda áfram til 31. desember 2027. Þau ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 sem vísa til skránna yfir vörur til hreinsunar og sótthreinsunar ættu því einungis að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2028.

4) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/2501, 12.12.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2026 frá 10. júlí 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/848/oj.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1165 frá 15. júlí 2021 um að leyfa tilteknar vörur og efni til notkunar við lífræna framleiðslu og koma á fót skrám yfir þau (Stjtíð. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2021/1165/oj).

([3]) Sérfræðingahópurinn um tækniráðgjöf við lífræna framleiðslu, „Final report on Food (X) and (XI)“, 30. janúar 2025 og 14. október 2025, https://agriculture.ec.europa.eu/document/download/c4cef8da-34a4-48f7-9f5d-2c97f86f2a15_en?filename=egtop-report-food-x_en.pdf.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjtíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/889/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1165 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar málsgreinar 11. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði VII. viðauka skulu þó gilda áfram til 31. desember 2027 og IX. viðauki skal gilda áfram til 31. desember 2023.“

2) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í 1. mgr. 12. gr. kemur „31. desember 2027“.

3) Í stað þriðju málsgreinar 13. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2028.“

4) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslum er bætt við í A-hluta (Leyfð matvælaaukefni og hjálparefni við vinnslu sem um getur í a-lið 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, þ.m.t. burðarefni og önnur efni sem eru notuð á sama hátt og í sama tilgangi og hjálparefni við vinnslu) V. viðauka á eftir færslunni „viðartrefjar“:

	„Ertuprótín		Notað til fellingar á aldinsafa og ávaxtavínum (vín úr aldinum, öðrum en þrúgum, þ.m.t. epla- og peruvín) og miði Úr lífrænni framleiðslu, ef aðgengilegt
	Kartöfluprótín		Notað til fellingar á aldinsafa og ávaxtavínum (vín úr aldinum, öðrum en þrúgum, þ.m.t. epla- og peruvín) og miði Úr lífrænni framleiðslu, ef aðgengilegt“